




VELKOMIN Í RÍKI VATNAJÖKULS

Þetta göngukort sýnir gönguleiðina milli Haukafells á Mýrum og Skálafells í Suðursveit. Gönguleiðin Mýrajökklar er hluti af stærra gönguleiðakerfi sem verið er að byggja upp í Austur-Skaftafellssýslu og mun í framtíðinni tengja leiðina allt frá Skaftafelli í vestri yfir að Lónsöræfum í austri. Gönguleiðin Mýrajökklar er 22 km löng og liggur meðfram þremur skriðjökulum sem tilheyra Vatnajökli.

Á leiðinni fæst innsýn í gróðurfar, fuglalíf og jarðfræði svæðisins og hvernig lífið var áður fyrr á þessu landsvæði sem hefur í aldanna rás verið undirorpið kröftum skriðjökla og straumpunga jökuláa.

Ríki Vatnajökuls nær yfir stórt svæði á suðaustur hluta landsins þar sem sjá má eitt stórbrotnasta landslag Íslands. Víða blasa við skriðjöklar sem ná niður á grænt undirlendi, töfrandi jökullón með fljótandi ísjökum, svartar strendur, litrik fjöll og djúpir dalir á einu áhugaverðasta göngusvæði landsins. Í ríki Vatnajökuls er bæði hæsti tindur landsins og mesta dýpið undir sjávarmáli sem og besta aðgengið að Vatnajökulspjóðgarði. Fuglalíf er fjölbreytt og þú gætir einnig rekist á hreindýr og seli. Svæðið er eitt það mest sótt á Íslandi af ferðamönnum, bæði erlendum og innlendum og er það aðallega stórkostleg náttúran sem laðar að en einnig gott framboð ferðabjónustu. Nálægðin við Vatnajökul, stærsta jökul í Evrópu (8000 km2) hefur mótað allt umhverfi hér, bæði í náttúru og mannlífi. Hér mætast frumkraftarnir eldur og ís en undir þykkri ísbreiðunni leygnast nokkur af stærstu eldfjöllum og eldstöðvum landsins. Frá landnámi hefur verið búseta við sunnanverðan Vatnajökul þar sem íbúar stunduðu landbúnað á afgangri landræmu sem lokuð var af jökulum og bröttu fjalllendi á aðra höndina og Atlantshafi á hina. Straumpungur jökulár lágu síðan í vegi ferðalanga. Þær áttu til að hlaupa og leggja nytjaland í eyði.

Höfn í Hornafirði (1.800 íbúar) er eina þéttbýlið á svæðinu. Vegna gjöfulla humarmiða á Breiðármerkurdypi kallast Höfn jafnan Humarbærinn, enda er það lostæti á boðstólinum á veitingastöðum bæjarins. Milt veðurfar gerir það að verkum að auðvelt er að ferðast um svæðið allan ársins hring.

Nánari lýsing á leiðinni

Mýrarjöklaeiðin er að mestu leyti metin sem rauð gönguleið. Leiðin er stikuð yfir grösugar hliðar, mosa, sanda, urðir og jökulgarða. Landið er ekki allt slétt og nokkuð grýtt á köflum. Þó eru engar teljandi hæðarbreytingar, né yfir óbrúaðar ár og læki að fara þannig að hún ber ekki með sér neina sérstaka erfiðleika fyrir göngufólk. Leiðin er 22 km löng og gera má ráð fyrir um 7-8 klst. til að ganga hana. Drykkjarvatn finnst á hluta leiðarinnar en ekki á milli Skálafells og Heinabergslóns þannig að gott er að taka vatn með sér.

Hægt er að ganga aðeins hluta leiðarinnar og eru þessar vegalengdirnar sem hér segir:

HAUKAFELL:

A Haukafell ↔ 5 km (2-3 klst)

Bílastæði við Haukafell – Fláajökull, jarðfræðistigur - Haukafell.

HEINABERG:

B Heinaberg ↔ 6 km (2-3 klst)

Bílastæði við Heinabergslón – Bólstaðafoss – Heinar – bílastæði.

C Heinar ↔ 1,8 km (30mín)

Bílastæði við Heina – Heinar – bílastæði.

D Heinabergsbær ↔ 1,8 km (30 mín)

Bílastæði við Heinabergsfell – bæjartóftir – bílastæði.

E Heinabergsdalur (Vatnsdalur) ↔ 17,5 km (6-7 klst)

Bílastæði við Heinabergslón – Heinabergsdalur – Vatnsdalsheiði – Geitakinn – bílastæði.

HJALLANES:

F Hjallanes ↔ 8 km (3-4 klst)

Skálafell – Skálafellsjökull – Kolgríma – Skálafell.

Í jaðri skriðjökla

Sandbleyta leynist oft framan við skriðjökla. Þar getur líka verið hættulega kalt vatn, stundum hulið þunnum ís. Í brattlendi við hopandi skriðjökla er veruleg hætta á grjóthruni og skriðum. Farið gætilega, vandið leiðarval.

GESTIR ERU BÉDNIR AÐ HAFA Í HUGA

Berum virðingu fyrir umhverfinu og óspilltri náttúru og sýnum aðgát, t.d. í fjöru, við árbakka og á jökulum.

- Hendum ekki rusl né urðum. Allt rusl, þar með talinn salernispappír, skal bera með sér á leiðarenda og skila í þar til gerðar tunnur.
- Hróflum ekki við jarðmyndunum eða viðkvæmum gróðri. Nemum ekki á brott plöntur og steina. Hlöðum ekki vörður.
- Fylgjum merktum göngustígum þar sem þeir eru. Fótspor á viðkvæmum gróðri eru lengi að gróa.
- Verndum dýralíf og sýnum aðgát við varpsvæði fugla.
- Spillum ekki vatni.
- Varast ber að hundar eða önnur gæludýr spilli gróðri eða truffi önnur dýr, fugla eða ferðamenn. Eigendur skulu þrifa eftir dýr sín á göngustígum.
- Látum alltaf einhvern vita fyrirhugaða ferðaáætlun. Snögg veðrabrigði geta orðið, útbúum okkur með það í huga.
- Virðum umgengnisreglur og tilmæli landeiganda. Sýnum öðru göngufólki vinsemi og virðingu.
- Skiljum við áningarstað eins og við vildum koma að honum. Tökum myndir og minningar með okkur
- En skiljum ekkert eftir nema létt fótspor.

Ef slys verður eða þörf á aðstoð þá komið boðum í 112.

Mýrajökklar er rauð gönguleið. Erfiðleikamerkingin segir til um hvernig leiðin er undir fótinn. Hún miðast við erfiðasta áfanga leiðarinnar og fylgir þessum lykli:



RAUTT: Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri ósléttu og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.

Krefjandi:



MÝRAJÖKLAR

MýraJöklar er samheiti yfir Fláajökul, Heinabergsjökul og Skálafellsjökul. Þessir skriðjöklar skriða um skörð og dali frá Breiðubungu á Vatnajökli. Gönguáfanginn, á milli Haukafells og Skálafells, fer yfir sléttlendið framan þeirra. Landið er að mestu jökulaurar, myndaðir og mótaðir af jöklunum og jökulánum, Hólmsá, Heinabergsvötnum og Kolgrímu.

Haukafell – Fláajökull. Fláajökull var tæpir 170 km2 að flatarmáli árið 2010. Sporðurinn brýtur á Jökulfelli og myndar tvær tungur. Jökullón er við þá nyrðri en á aurunum framan þess eru helstu auðkenni jökulmótunar, t. d. jökulgarðar. Ávalar malaröldur eru framan sporðsins en í lægðum á milli eru árfarvegir, flestir nú þurrir, og litlar tjarnir.

Fláajökull náði hámarksútbreiðslu um 1894, eftir aldalanga framrás, við kaldara loftslag en nú er. Á tímaskeiði sem er nefnt „litla ísöld“, og hófst á 13. öld og stóð til loka 19. aldar, gengu jöklar fram. Fláajökull reiddi jökulsporð sinn fram á láglendið, skammt frá nálægustu bæjum. Jökulár flæmdust um, eyðilögðu beitarlendi og lögðu jarðir í eyði. Frá lokum 19. aldar hefur hann hopað allt að 2,8 km.

Til að hindra frekara tjón á nytjalöndum var Hólmsá færð í eldri farveg, árið 1937, með byggingu varnargarðs. Árið 2002 var byggður 1700 m varnargarður nærri jöklinum til þess að tryggja að áin héldist í núverandi farveg. Vegna hans myndaðist lón framan við jökulinn.

Jökulfell – Miðfell. Í lok 19. aldar var jökullinn enn svo þykkur að ekki sást í Jökulfell og einungis fremsta brún Miðfells. Fyrst fór að sjást í Jökulfell árið 1907 og um 1930 var landið orðið jökulvana framan við það. Jökullinn liggur þó enn utan í vestanverðu Jökulfelli.

Athyglisverðar bergmyndanir eru í Jökulfelli. Jökulnúinn berglagastaflinn hallar inn til jökuls og í gegnum hann skerast fjölmargir berggangar. Viðs vegar eru útfellingar í blöðróttu bergi í Jökulfelli og geislasteinar á dreif.

Miðfell er líka mjög jökulsorfið. Fagurlagað stuðlaberg í því austanverðu gripur athygli vegna sibreytilegra forma. Það myndaðist þar sem hraunkvika hefur runnið í votlendi eða árfarvegi.

Heinar og Bólstaðarfoss. Jökulgarðar sunnanvert við Austastaháls, marka stöðu Fláajökuls í lok 19. aldar. Suðvestan þess eru klapparholtin Heinar. Þar eru jökulgarðar sem Heinabergsjökull myndaði. Litlu munaði að jöklarnir tveir rynnu saman og einungis 900 m þar sem styst er á milli. Í Grástakki er snotur foss, Bólstaðarfoss, sem er verðugur þess að skoða.

Sunnan undir Grástakki eru rústir fjárhúss frá Heinabergi. Bærinn stóð fyrst við Heinabergssnes en var fluttur undir Heinabergsfell 1889 vegna ágangs jökuláa. Heinaberg fór í eyði á fjórða áratug 20. aldar.

Heinabergsjökull – Skálafellsjökull. Heinabergs- og Skálafellsjökull þekja 200 km2 lands. Á 18. öld höfðu þeir runnið saman framan Hafrafells. Samtíðaheimildir nefna þá einu orði Heinabergsjökull en heitið Skálafellsjökull kom fyrst fram á 20. öld.


Í Heinabergsfjöllum girti jökullinn af inndalinn Vatnsdal og safnaði í hann vatni. Meðan jökullinn var hvað þykkastur var yfirborð lónsins í um 460 m hæð og flatarmál þess um 2 km2. Heinabergsjökull lokaði einnig mynni Heinabergsdals og myndaðist annað lón þar, Dalvatn. Yfirfall frá Vatnsdalsvatni var efst í Heinabergsdal, þar sem dalirnir mætast og jökulkvisl rann í Dalvatn. Yfirfall myndaðist efst í Heinabergsdal, þar sem dalirnir mætast og jökulkvisl rann í Dalvatn.

Árið 1898, eftir að jökullinn tók að þynnast, brast ísstíflan fyrir Vatnsdal, og feiknarlegt jökulhlaup braust undan honum. Flaumurinn og jakabrot bárust yfir vesturhluta Mýra. Hlaupin voru lengi árvið eftir það en minnkuðu eftir því sem jökullinn rýrnaði.

Jökulgarðar í hliðum Hafrafells sýna að jökullinn var yfir 200 m þykkur og gekk yfir fremsta hluta hálsins. Þegar Heinabergsjökull var í hámarksstöðu á 19. öld, voru rúmir tveir km frá jökulsporði yfir í Hafrafell.

Heinabergslón og Kolgríma. Í byrjun 20. aldar spruttu Heinabergsvötn út í kverkinni þar sem jökularmarnir lágu sameinaðir. Um miðja öldina, höfðu þeir slitið sig sundur. Heinabergsvötn færðust í annan farveg og renna nú Kolgrímu.

Í kjölfarið mynduðust lón við Skálafells- og Heinabergsjökul. Heinabergslón var tæpir 2 km2 að flatarmáli árið 2015. Jökullinn hefur grafið út djúpa rennu sem er full af vatni. Fremsti hluti jökulsins er á floti en mun smám saman að brotna upp. Yfirborð Heinabergsjökuls er lægra en annarra MýraJökla.



RÍKI VATNAJÖKULS

Samtökin eru klasi ferðapjónustufyrirtækja, matar og menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði. Samvinna þessara aðila hefur að markmiði að kynna svæðið sem ákjósanlegan áfangastað til útivistar og náttúruskoðunar auk skemmtilegrar upplifunar í mat og menningu.

www.visitvatnajokull.is



Útgefandi: Ríki Vatnajökuls - Ljósmyndir: Þorvaldur Árnason og Gíslí Árnason - Útlit: Björg Vilhjálmssdóttir
Textagráð: Snævarr Guðmundsson/Náttúrustofa Suð austurlands, Ríki Vatnajökuls - Kortagerð: Fixlanda ehf - Pappir: Saggi Magno Satin - Prentun: Ísafeld




Farvegi Hólmsár breytt

Í kringum aldamótin 1900 fór Fláajökull að hopa vegna hlýnandi veðráttu og við það leystist mikið vatn úr jöklinum. Undan Fláajökli rennur Hólmsá og hún var lengi mikill farartálmi, en eins og önnur jökulvötn ber hún með sér mikinn aur og breytir sífellt um farveg. Ágangur jökuláa á Mýrum var það mikill í byrjun 20. aldar að leit út fyrir að byggð legðist af í sveitinni. Mörg býli á Mýrum hafa farið í eyði af völdum ágangs vatna og enn önnur verið færð til. Brugðið var á það ráð að reyna að breyta farvegi Hólmsár með byggingu varnargarðs til að bjarga byggðinni á Mýrum. Tveir menn voru sendir frá hverjum bæ í þessa vinnu og voru þegar flest var milli 50 og 60 talsins. Aðbúnaður var frumstæður þar



Hér má sjá mynd af eldhúsinu sem reist var til að elda fyrir vinnuflokkinn. Börn voru send á hestum með nýja mjólk fyrir mannskapinn



Grauturinn var borinn í fötu til vinnuflokksins þar sem hann mataðist við frekar frumstæðar aðstæður.